

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra**  
**vegna Gaddstaða, íbúðarbyggð.**

Skipulagsstofnun staðfesti 25. nóvember 2021 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. nóvember 2021.

Í breytingunni felst að frístundabyggðin F63 að Gaddstöðum er minnkuð um 47 ha og íbúðarbyggðina ÍB16 er stækkuð sem því nemur og auðkenni hennar er breytt í ÍB29. Heildarstærð íbúðarbyggðarinnar verður 95 ha.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 25. nóvember 2021.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

B-deild – Útgáfud.: 10. desember 2021